



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR *

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	UMH211000041 Frv. á 152. þingi – Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um fiskeldi
Ráðuneyti	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samvinnu við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.
Stig mats	☐ Frummat, sbr. 1. gr. ☒ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifapáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifapættir á fjárhag ríkissjóðs

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Lagasetningin felur í sér endurskoðun á málsmeðferðarreglum sem varða tímabundar undanþágur og veitingar leyfa til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að lagasetningin hafi óveruleg áhrif á fjárhag ríkisins þar sem gert er ráð fyrir að vinna við útgáfu leyfa sé greidd af framkvæmdaraðila með þjónustugjöldum.

Liður í lagasetningunni er að heimild til að veita undanþágu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunar færast frá umhverfis- og auðlindaráðherra til Umhverfisstofnunar. Sama gildir um heimild til að veita rekstrarleyfi til bráðabirgða í fiskeldi samkvæmt lögum um fiskeldi og er gert ráð fyrir að útgáfa slíkra leyfa færast frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til Matvælastofnunar. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi hefur Umhverfisstofnun og Matvælastofnun það hlutverk að veita umsögn um hugsanlega veitingu undanþágu eða rekstrarleyfis til bráðabirgða áður en endanleg ákvörðun er tekin fyrir hönd ráðherra. Þannig má búast við að umsvif stofnananna aukist að nokkru marki með nýju fyrirkomulagi en á móti koma minnkuð umsvif ráðuneytisins vegna þessara verkefna. Þessi breyting rúmast innan þeirra fjárheimilda sem ætlaðar eru í málaflokkinn.

- a) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum
Á ekki við.
- b) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
Varanleg.
- c) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun
Á ekki við.
- d) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu

Öll útgáfa leyfa til bráðabirgða er greidd af framkvæmdaraðila í formi þjónustugjalda.

2. Tekjubreytingar

- Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
Ekki fyrir séðar breytingar.

3. Útgjaldabreytingar

- Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

Ekki fyrir séðar breytingar.

4. Eignabreytingar

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

Ekki fyrir séðar breytingar.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
Í samræmi.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
Í samræmi.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
Í samræmi.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
Í samræmi.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi
Í samræmi.
- f) Opinber innkaup og útboð
Í samræmi.
- g) Eignaumsýsla ríkisins
Í samræmi.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
Í samræmi.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins .
Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.
Í samræmi.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- a) í gildandi fjárlögum
Nei, fjárhagsáhrif engin eða óveruleg.
- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
Nei, fjárhagsáhrif engin eða óveruleg.
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
Nei, fjárhagsáhrif engin eða óveruleg.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Fjárhagsáhrif engin eða óveruleg.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Ef unnið verður leyfi til bráðabirgða af stofnun er gert ráð fyrir að innheimt sé fyrir þá vinnu þjónustugjald. Ekki er hægt að spá fyrir um hvort eða hver mörg s lík leyfi verða unnin á ári þar sem um er að ræða undantekningartilvik.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**
Óveruleg eða engin.
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**
– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
Óveruleg eða engin.
3. **Samkeppnisiskilyrði**
 - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)
nei
 - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)
nei
 - c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd)
nei
 - d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)
nei

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**
– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins
Engin áhrif fyrir séð.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011
Á ekki við.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011
Á ekki við.
4. **Áhrif á byggðalög**
Engin áhrif fyrir séð.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**
Lagasetningin felur í sér endurskoðun á málsmeðferð vegna undanþága og tímabundinna ráðstafana. Meðal annars er kveðið skýrar á um aðkomu almennings og frjálsra félagasamtaka að ferlinu.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**
– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum

Lagasetningin felur í sér endurskoðun á málsmeðferð vegna undanþága og tímabundinna ráðstafana. Meðal annars er tryggð aðkoma almennings og fjálsra félagasamtaka að ferlinu. Almennt má ætla að það hafi jákvæð áhrif á jafnrétti kynjanna með því að tryggja að ólík sjónarmið og hagsmunir komi fram.

7. Áhrif a lýðheilsu

Engin áhrif fyrir séð.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Engin áhrif fyrir séð.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Engin áhrif fyrir séð.

10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Óveruleg.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Verið er að tryggja betur aðkomu almennings og þar með talið allra þjóðfélagshópa að ferlinu.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Almennt má ætla að skýrir ferlar með tryggri aðkomu almennings séu til þess fallnir að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Óveruleg áhrif.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Óveruleg áhrif.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Frumvarpið kann að hafa jákvæð áhrif á samfélag þegar og ef opinber leyfisveitandi metur það svo að skilyrði fyrir útgáfu leyfis til bráðabirgða sé fyrir hendi, einkum ef um ræðir að koma í veg fyrir soun á verðmætum eða að standa vörð um almannahagsmuni .

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

Lög um fiskeldi nr. 71/2008.

■ [[4. gr. b.] ¹⁾ Móttaka og afgreiðsla umsókna.

- ☐ Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar.
- ☐ Þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar, eða eftir atvikum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir skal umsækjandi afhenda Matvælastofnun umsóknir um leyfi skv. 1. mgr. og skulu þær afgreiddar samhliða, sbr. þó 11. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111 /20212. mgr. [17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.](#)] ¹⁾
- ☐ Matvælastofnun skal framsenda umsókn um starfsleyfi fyrir eldi ferskvatns- og sjávarlífvera til Umhverfisstofnunar til meðferðar samkvæmt [lögum nr. 7/1998](#), um hollustuhætti og mengunarvarnir. [Hvor stofnun um sig skal tilkynna umsækjanda hvort umsókn telst fullnægjandi innan mánaðar frá því að umsókn berst.] ¹⁾ Þegar Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi skal það sent Matvælastofnun. [Matvælastofnun afhendir umsækjanda útgefin starfs- og rekstrarleyfi samtímis.] ¹⁾ [Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er leyfisveitendum heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir viðkomandi svæði. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.] ²⁾ ³⁾

5. gr. [Skráningarskylda.

- ☐ Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að starfræksla fiskeldisstöðva á landi, þar sem hámarkslífsmassi er allt að 20 tonnum á hverjum tíma og starfrækslan er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum umhverfismat framkvæmda og áætlana, sé háð skráningarskyldu í stað útgáfu rekstrarleyfis.
- ☐ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð kröfur, skilyrði og skilmála sem gilda fyrir starfsemi og eru forsenda skráningar, þ.m.t. kröfur um inn ra eftirlit, úttektir þegar nauðsyn ber til, skýrslugjöf til Matvælastofnunar og að stofnuninni sé heimilt að afla upplýsinga rafrænt og skylda skráningaraðila til að skrá upplýsingar í gagnagrunn sem stofnunin leggur til. Aðili sem er skráningarskyldur skv. 1. mgr. skal skrá starfsemi sína hjá Matvælastofnun. Matvælastofnun skal staðfesta skráningu rekstraraðila og leiðbeina honum um hvaða reglur gilda um starfsemina. Óheimilt er að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð áður en staðfesting Matvælastofnunar á skráningu hefur verið gefin út.

■ 8. gr. Umsókn um rekstrarleyfi.

- ☐ [Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, að umsækjandi hafi fullnægjandi fagþekkingu á viðkomandi sviði, að innra eftirlit stöðvar og eldisbúnaður standist kröfur sem nánar er kveðið á um í lögum þessum eða reglugerð um fiskeldi, um stærð og framleiðslumagn stöðvar mælt í lífmassa, eldistegundir, eldisstofna, hlutfall frjórra laxa og ófrjórna í eldi og eldisaðferðir. Einnig skal fylgja umsókn afrit af ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- ☐ Umsókn skv. 1. mgr. skulu fylgja gögn um heimild til afnota af landi eða vatni eða gögn um úthlutun eldissvæðis skv. 4. gr. a ef við á. Umsókn skal einnig fylgja rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferil eldis og öflun hroga og seiða, svo og önnur gögn sem Matvælastofnun eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.
- ☐ Umsókn um rekstrarleyfi sjókvíaeldisstöðvar skal fylgja áætlun um fjárfestingar í búnaði ásamt staðfestingu á stöðu eigin fjár og eiginfjárlutfa lli umsækjanda þegar umsókn er lögð fram. Eiginfjárlutfall skal vera að lágmarki 30% að teknu tilliti til fjárfestinga í búnaði samkvæmt áætlun.]

9. gr. [Afstaða Matvælastofnunar.

- ☐ Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdar skal liggja fyrir áður en tillaga að rekstrarleyfi er auglýst opinberlega.
- ☐ [Sé fyrirhuguð starfsemi háð mati á umhverfisáhrifum skal Matvælastofnun fyrir útgáfu rekstrarleyfis kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar til grundvallar. Matvælastofnun skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skal það koma fram í leyfinu. Matvælastofnun skal í greinargerðinni einnig taka afstöðu til tengdra leyfisveitinga þegar tilefni er til ef um það er fjallað í álit Skipulagsstofnunar. Sé framkvæmd ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar skal Matvælastofnun fyrir útgáfu rekstrarleyfis kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðun um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.] ¹⁾
- ☐ Matvælastofnun skal taka tillit til áhættumats erfðablöndunar skv. 6. gr. a og burðarþolsmats skv. 6. gr. b og taka rökstudda afstöðu til sjúkdómstengdra þátta sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.
- ☐ Matvælastofnun er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma eða sníkjudýra, svo sem kveðið er á um í [10. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006](#). Stofnunin getur m.a. skilgreint smitsjúkdómasvæði og takmarkað flutning lifandi eldisfiska milli slíkra svæða.] ²⁾

10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis.

- ☐ [Telji Matvælastofnun að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara, og eftir auglýsingu tillögu að rekstrarleyfi skv. 10. gr. a, skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til 16 ára. Matvælastofnun skal endurskoða rekstrarleyfi reglulega. Rekstrarleyfishafi skal afhenda leyfisveitanda öll gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða skilyrði rekstrarleyfis, ef leyfisveitandi óskar þess. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um endurskoðunina, m.a. um skilyrði hennar og tíðni.
- ☐ Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar mælt í leyfilegum lífmassa og hvort um sé að ræða seiðaeldi, áframeldi, strandeldi, landeldi eða sjókvíaeldi. Þegar um er að ræða sjókvíaeldi þarf einnig að koma fram hvort eldið sé kynslóðaskipt eða án kynslóðaskiptingar. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi og leyfilega eldisstofna. Í rekstrarleyfi fyrir laxeldi skal m.a. kveðið á um hvort um sé að ræða eldi á frjóum laxi eða ófrjóum og skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggist á gagnagrunni um erfðaeftirhlutun hjá framleiðanda hroga. Ætli rekstrarleyfishafi að stunda bæði eldi á frjóum og ófrjóum laxi skal Matvælastofnun gefa út aðskilin rekstrarleyfi. Eldi ófrjóraxa skal halda aðgreindu frá eldi frjóraxa. Ráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð um þær aðferðir sem skylt er að nota til að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva og um framkvæmd þeirra.] ¹⁾
- ☐ [Skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis er að fyrirhuguð starfsemi samræmist skipulagi á svæðinu samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.] ²⁾
- ☐ Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi. ... ³⁾
- ☐ Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum umhverfismat framkvæmda og áætlana og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- ☐ [Matvælastofnun skal hafna útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis sem felur í sér meiri framleiðslu en viðkomandi sjókvíaeldissvæði þolir samkvæmt burðarþolsmati. Burðarþolsmat skal framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn

Hafrannsóknastofnunar.

☐ ... ⁴⁾

☐ Matvælastofnun skal hafna umsókn um rekstrarleyfi ef umsækjandi uppfyllir ekki kröfur skv. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr.

☐ Matvælastofnun skal hafna umsókn ef umsækjandi leggur ekki fram þau gögn sem kveðið er á um í 8. gr., enda hafi umsækjanda verið gefinn hæfilegur frestur til að leggja fram þau gögn sem vantar.

☐ Matvælastofnun skal hafna umsókn ef mat skv. [3. mgr.] ¹⁾ 9. gr. bendir til þess að fyrirhugað eldi feli í sér umtalsverða hættu á útbreiðslu sjúkdóma eða umtalsverð óæskileg áhrif á vistkerfi.] ³⁾

[14. gr. a. *Gjaldtaka.*

Við móttöku Matvælastofnunar á umsókn um rekstrarleyfi og rekstrarleyfi til bráðabirgða samkvæmt lögum þessum skulu umsækjendur greiða Matvælastofnun þjónustugjald vegna þess kostnaðar sem til fellur við afgreiðslu umsóknar. Ráðherra staðfestir, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu sem stofnuninni er falið að annast í tengslum við afgreiðslu á umsóknum um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum. Umsóknir um rekstrarleyfi skulu ekki teknar til afgreiðslu fyrr en þjónustugjald hefur verið greitt.

☐ [Við skráningu skv. 5. gr. skal aðili greiða þjónustugjald samkvæmt gjaldskrá Matvælastofnunar vegna þess kostnaðar sem fellur til við afgreiðslu skráningarinnar. Fyrir úttekt Matvælastofnunar á starfseminni og framkvæmd eftirlits skal greitt þjónustugjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar.] ¹⁾ ²⁾

[21. gr. c. *[Starfsemi án rekstrarleyfis eða staðfestrar skráningar.]* ¹⁾

- a. ☐ Ef fiskeldisstöð er rekin án þess að rekstrarleyfi [eða staðfest skráningu skv. 5. gr.] ¹⁾ sé í gildi skal Matvælastofnun stöðva starfsemina. Eftir þörfum ber lögreglu að veita Matvælastofnun liðsinni í því skyni. Matvælastofnun er heimilt að slátra eða farga eldisdýrum, fjarlægja búnað sem notaður hefur verið til starfseminnar og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir skv. 21. gr. b á kostnað þess aðila sem rekið hefur fiskeldisstarfsemi án leyfis. [Eldisdýr sem hæf eru til manneldis skulu seld og andvirðið, að frádregnum kostnaði Matvælastofnunar við sölu, skal renna í ríkissjóð hafi aðili hafið starfsemi án rekstrarleyfis [eða staðfestrar skráningar] ¹⁾ en ella til fyrrverandi [rekstraraðila].] ¹⁾ ²⁾

☐ [Sé rekstrarleyfi felld úr gildi getur ráðherra Matvælastofnun í sérstökum undantekningartilvikum vegna annmarka á leyfisveitingu, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, enda mæli ríkar ástæður með því, gefið út rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að tíu mánaðaeins árs berist umsókn þess efnis frá handhafa þess leyfis sem var felld úr gildi innan þriggja vikna frá því að leyfi var felld úr gildi. Umsókn um rekstrarleyfi til bráðabirgða skal afgreidd eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsókn berst. Í umsókn skal tilgreina með skýrum hætti tilgang rekstrarleyfis til bráðabirgða, ástæður þess og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma bráðabirgðaleyfisins. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal Matvælastofnun ekki stöðva rekstur fiskeldisstöðvar fyrr en fyrir liggur hvort sótt verði um rekstrarleyfi til bráðabirgða. Berist slík umsókn um rekstrarleyfi til bráðabirgða skal ekki stöðva rekstur meðan umsókn er til meðferðar hjá ráðherra. Rekstrarleyfi til bráðabirgða skal vera efnislega innan marka þess leyfis sem áður var í gildi. Ákvörðun um rekstrarleyfi til bráðabirgða má skal byggja á gögnum sem aflað hefur verið við undirbúning þess rekstrarleyfis sem felld var úr gildi. Þá getur ráðherra Matvælastofnun sett rekstrarleyfi til bráðabirgða þau skilyrði sem þörf er á svo að tilgangur leyfisins náist, svo sem um samdrátt þeirrar starfsemi sem þegar er fyrir hendi, um tímafresti vegna úrbóta eða um tímamörk málshöfðunar eða annarra athafna fyrir dómi sem eru á forræði aðila. Rekstrarleyfi til bráðabirgða samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að endurútgefa einu sinni. Rekstrarleyfi til bráðabirgða samkvæmt þessari málsgrein er fullnaðarúrlausn á stjórnsýslustigi.] ³⁾ ⁴⁾ Sé rekstrarleyfi felld úr gildi vegna annmarka á umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og

áætlana, skal Matvælastofnun auk framangreindra skilyrða tryggja að rekstrarleyfi til bráðabirgða sé bundið þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Rekstrarleyfi til bráðabirgða samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að endurútgefa einu sinni. Matvælastofnun skal vinna tillögurað rekstrarleyfum til bráðabirgða og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Matvælastofnunar innan viku frá auglýsingu. Matvælastofnun skal tilkynna Umhverfisstofnun, umsækjanda um rekstrarleyfi til bráðabirgða og þeim sem hafa gert athugasemdir við tillögum afgreiðslu rekstrarleyfis til bráðabirgða. Matvælastofnun skal auglýsa á vefsíðu sinni útgáfu og gildistöku rekstrarleyfa til bráðabirgða. Birting á vefsíðu Matvælastofnunar telst vera opinber birting. Í auglýsingunni skal tilgreina hvar greinargerð um afgreiðslu leyfis er aðgengileg og tilgreina um kærueimild og kærufrest. Ákvörðun Matvælastofnunar um veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða samkvæmt þessari málsgrein er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá því að ákvörðun var birt opinberlega. Ráðherra er í reglugerð heimilt að kveða nánar á um umsókn, málsmeðferð og skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi fyrir veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða skv. þessari grein.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

• **[6. gr. Starfsleyfi.**

☐ Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka [I, II og IV], ¹⁾ skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður hjá Umhverfisstofnun. [Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.] ²⁾ Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar.

☐ Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sbr. einnig 14. og 15. gr.

☐ Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal stofnunin útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

☐ [Útgefanda starfsleyfis er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda.] ³⁾ ⁴⁾

¹⁾ [L. 66/2020, 1. gr.](#) ²⁾ [L. 88/2018, 18. gr.](#) ³⁾ [L. 58/2019, 5. gr.](#) ⁴⁾ [L. 66/2017, 7. gr.](#)

■ **[7. gr. Útgáfa starfsleyfis.**

☐ Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka [I og II], ¹⁾ sbr. þó 8. gr.,

[og fyrir starfsemi sem staðsett er á hafi utan sveitarfélagamarka]. ¹⁾ Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka IV ..., ²⁾ sbr. þó 8. gr.

□ Rekstraraðilar skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi.

□ Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

□ Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðs luna. [Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er leyfisveitanda heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið.

Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.] ²⁾

□ Útgefandi starfsleyfis skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Birting á vefsíðu útgefanda starfsleyfis telst vera opinber birting.

□ Útgefandi starfsleyfis skal hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi skv. 1. mgr., umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, ákvarðanir um þörf á endurskoðun, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kæruheimildir, skráningar, sbr. 8. gr., framlengd starfsleyfi, starfsleyfi til bráðabirgða og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu.] ³⁾

7. gr. a

Bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi.

Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningatilvikum þegar brýn þörf er á áframhaldandi starfsemi sem heyrir undir lög þessi eða að hefja starfsemina, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Ef starfsemin heyrir undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matskyldu hennar.

Ef leyfi fyrir framkvæmd sem fellur undir lög þessi og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana hefur verið felld úr gildi sökum annmarka á umhverfismati framkvæmdarinnar getur Umhverfisstofnun að beiðni rekstraraðila veitt bráðabirgðaheimild fyrir framkvæmdinni í samræmi við skilyrði 1. mgr. ef ríkar ástæður mæla með því. Skal heimildin háð skilyrðum 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skilyrði fyrir því að unnt sé að óska eftir bráðabirgðaheimild samkvæmt grein þessari er að fullnægjandi starfsleyfisumsókn liggi fyrir hjá útgefanda starfsleyfis.

Bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi skal háð viðeigandi skilyrðum Umhverfisstofnunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfsemi.

Ákvæði 7. gr. um útgáfu starfsleyfis gilda að öðru leyti um veitingu bráðabirgðaheimildar. Frestur til að gera skriflegar athugasemdir við veitingu bráðabirgðaheimildar skal þó ekki vera lengri en ein vika frá auglýsingu.

Bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi getur verið veitt til allt að eins árs og er heimilt að framlengja hana um allt að einu ári að uppfylltum skilyrðum greinar þessarar.

Kveða skal á um eftirlit og skýrslugjöf rekstraraðila til eftirlitsaðila á gildistíma bráðabirgðaheimildar.

■ [53. gr.] ¹⁾ [Gjaldskrá Umhverfisstofnunar.] ²⁾

□ [Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir:

1. Útgáfu starfsleyfa og vottorða, sem og endurskoðun eða breytingar á starfsleyfum, sbr. 6. gr. eða 7. gr. a.

2. Eftirlit, þ.m.t. sýnatöku, sbr. 51. gr.

3. Eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. XVII. kafla.

4. Álagningu stjórnvaldssekta, sbr. 67. gr.] ²⁾

□ Ráðherra setur, að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar], ³⁾ gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér ... ²⁾. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

13. gr.

Ábyrgð á umhverfismati áætlunar og tímasetning.

Sá sem ber ábyrgð á áætlanagerð sem fellur undir lög þessi ber ábyrgð á umhverfismati áætlunarinnar hennar og kostnaði af gerð þess. Hann skal vinna umhverfismatsskýrslu þar sem gerð er grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar og annast kynningu og samráð í því skyni.

Umhverfismat áætlunarinnar skal vinna samhliða áætlanagerðinni og liggja fyrir áður en áætlunin er samþykkt af viðkomandi stjórnvaldi eða lögð fyrir Alþingi.

18. gr.

Ábyrgð á umhverfismati framkvæmdar Matsskyldar framkvæmdir.

Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar umhverfismati. Tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lög þessi skulu háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Framkvæmdaraðili sem hyggst hefja framkvæmd sem er matsskyld samkvæmt lögum þessum ber ábyrgð á umhverfismati framkvæmdarinnar og kostnaði af gerð þess, þ.m.t. kostnaði af málsmeðferð Skipulagsstofnunar. Hann skal vinna matsáætlun og umhverfismatsskýrslu þar sem gerð er grein fyrir umhverfismati framkvæmdarinnar.

Framkvæmdaraðili sem hyggst hefja framkvæmd sem er tilkynningarskyld samkvæmt lögum þessum ber ábyrgð á tilkynningu framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort hún skuli háð umhverfismati.

19. gr.

Framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati Tilkynning frá amkvæmda í flokki B.

Tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lög þessi skulu háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um

framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Framkvæmdaraðili skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd skv. 1. mgr. Í tilkynningu skal framkvæmdaraðili leggja fram upplýsingar um framkvæmdina og líkleg umtalsverð umhverfisáhrif hennar. Hann skal, þar sem við á, taka tillit til fyrirbyggjandi niðurstaðna um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og leggja fram, þar sem við á, upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.

Telji framkvæmdaraðili með hliðsjón af viðmiðum þeim sem fram koma í 2. viðauka laga þessara að framkvæmd í flokki B í 1. viðauka skuli undirgangast umhverfismat skal hann tilkynna Skipulagsstofnun um það og rökstyðja afstöðu sína. Fer þá um málsmeðferð framkvæmdarinnar skv. 21.–24. gr.

25. gr.

Leyfi til framkvæmda.

Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar sem fellur undir lög þessi fyrr en álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar skv. 24. gr. liggur fyrir eða ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. um að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati.

Hafi leyfi til framkvæmdar verið fellt úr gildi sökum annmarka á umhverfismati hennar og viðkomandi sérلöggjöf heimilar af því tilefni veitingu tímabundinnar heimildar fyrir framkvæmdinni skal slíkt leyfi eingöngu veitt getur leyfisveitandi í sérstökum undantekningartilvikum og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) unnið verði að því að bæta úr annmörkum á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á gildistímabundinnar heimildar,
- b) umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin frá upphafi framkvæmdar.

26. gr.

Afgreiðsla leyfis til tilkynningarskyldra framkvæmda.

Með umsókn um leyfi til framkvæmdar sem fellur í flokk B í 1. viðauka við lög þessi, þar sem liggur fyrir ákvörðun um að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati, skal fylgja greining framkvæmdaraðila á því hvort forsendur matsskylduákvörðunar hafi breyst verulega frá því að ákvörðun um matsskyldu skv. 1820. gr. var tekin, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina.

Við ákvörðun um leyfi til framkvæmdar skv. 1. mgr. skal leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðun skv. 19. gr. og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

Leyfisveitandi skal tilkynna Skipulagsstofnun um útgáfu leyfis og birta opinberlega með auglýsingu ákvörðun sína um útgáfu leyfis innan tveggja vikna frá afgreiðslu þess. Í auglýsingunni skal tilgreina um kærueimild og kærufrest. Þá skal leyfisveitandi gera leyfið aðgengilegt almenningi á netinu.

34. gr.

Undanþága frá frestum.

Þrátt fyrir tímafresti sem kveðið er á um í 19.–24. gr. getur Skipulagsstofnun, í undantekningartilvikum og í samráði við framkvæmdaraðila, framlengt þá fresti sem þar er kveðið á um. Á það við í viðamiklum málum, svo sem vegna eðlis, staðsetningar eða stærðar framkvæmdar. Skal þá framkvæmdaraðila tilkynnt skriflega um ástæðu framlengingar og fyrirhugaða tímasetningu ákvörðunar.

Skipulagsstofnun er heimilt, í samráði við framkvæmdaraðila, að lengja kynningartíma matsáætlunar skv. 2. mgr. 21. gr. og umhverfismatsskýrslu skv. 1. mgr. 23. gr. í viðamiklum málum.

1.09	Þauleldi á fiski, annað en það sem tilgreint er í tölul. 1.098, þar sem hámarkslífmassi er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem hámarkslífmassi er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn.		X
------	---	--	---

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um fiskeldi nr. 71/2008, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „2. mgr. 17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000“ í 2. mgr. 4. gr. b kemur: 11. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 .

2. gr.

Þar sem orðasambandið „lög um mat á umhverfisáhrifum“ kemur fyrir í hvers konar beygingarfalli í 1. mgr. 5. gr, 1. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 10. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. mgr. 9. gr.:

- a. 2. málsl. orðast svo: Matvælastofnun skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
- b. Fyrir aftan 2. málsl. bætist nýr málslíður sem verður 3. málslíður, svohljóðandi: Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skal það koma fram í leyfinu.

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 14. gr. a.:

Fyrir aftan orðið „rekstrarleyfi“ í 1. málsl. bætist: og rekstrarleyfi til bráðabirgða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 21. gr. c:

- a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. kemur: Matvælastofnun í sérstökum undantekningartilvikum.
- b. Orðin „að fenginni umsögn Matvælastofnunar“ í 1. málsl. falla brott.
- c. Í stað „tíu mánaða“ í 1. málsl. kemur: eins árs
- d. Orðin „slík“ og „hjá ráðherra“ í 5. málsl. falla brott.
- e. Í stað orðsins „má“ í 7. málsl. kemur: skal.

- f. Í stað orðsins „ráðherra“ í 8. málsl. kemur: Matvælastofnun.
- g. 9. og 10. málsl. fellur brott.
- h. Við málsgreinina bætist eftirfarandi: Sé rekstrarleyfi felld úr gildi vegna annmarka á umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skal Matvælastofnun auk framangreindra skilyrða tryggja að rekstrarleyfi til bráðabirgða sé bundið þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Rekstrarleyfi til bráðabirgða samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að endurúttefa einu sinni. Matvælastofnun skal vinna tillögur að rekstrarleyfum til bráðabirgða og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Matvælastofnunar innan viku frá auglýsingu. Matvælastofnun skal tilkynna Umhverfisstofnun, umsækjanda um rekstrarleyfi til bráðabirgða og þeim sem hafa gert athugasemdir við tillögu um afgreiðslu rekstrarleyfis til bráðabirgða. Matvælastofnun skal auglýsa á vefsíðu sinni útgáfu og gildistöku rekstrarleyfa til bráðabirgða. Birting á vefsíðu Matvælastofnunar telst vera opinber birting. Í auglýsingunni skal tilgreina hvar greinargerð um afgreiðslu leyfis er aðgengileg og tilgreina um kærueimild og kærufrest. Ákvörðun Matvælastofnunar um veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða samkvæmt þessari málsgrein er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá því að ákvörðun var birt opinberlega. Ráðherra er í reglugerð heimilt að kveða nánar á um umsókn, málsmeðferð og skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi fyrir veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða skv. þessari grein.

II. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 4. málslíður 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „stofnunin“ í 3. mgr. kemur: útgefandi starfsleyfis

7. gr.

Fyrir aftan orðin „sbr. 8. gr.“ í 6. mgr. 7. gr. laganna bætist: framlengd starfsleyfi, bráðabirgðaheimildir fyrir starfsemi.

8. gr.

Á eftir 7. gr. kemur ný grein, 7. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

7. gr. a

Bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi.

Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningatilvikum þegar brýn þörf er á áframhaldandi starfsemi sem heyrir undir lög þessi eða að hefja starfsemina, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal

eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Ef starfsemin heyrir undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matskyldu hennar.

Ef leyfi fyrir framkvæmd sem fellur undir lög þessi og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana hefur verið fellt úr gildi sökum annmarka á umhverfismati framkvæmdarinnar getur Umhverfisstofnun að beiðni rekstraraðila veitt bráðabirgðaheimild fyrir framkvæmdinni í samræmi við skilyrði 1. mgr. ef ríkar ástæður mæla með því. Skal heimildin háð skilyrðum 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skilyrði fyrir því að unnt sé að óska eftir bráðabirgðaheimild samkvæmt grein þessari er að fullnægjandi starfsleyfisumsókn liggi fyrir hjá útgefanda starfsleyfis

Bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi skal háð viðeigandi skilyrðum Umhverfisstofnunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfsemi.

Ákvæði 7. gr. um útgáfu starfsleyfis gilda að öðru leyti um veitingu bráðabirgðaheimildar. Frestur til að gera skriflegar athugasemdir við veitingu bráðabirgðaheimildar skal þó ekki vera lengri en ein vika frá auglýsingu

Bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi getur verið veitt til allt að eins árs og er heimilt að framlengja hana um allt að einu ári að uppfylltum skilyrðum greinar þessarar.

Kveða skal á um eftirlit og skýrslugjöf rekstraraðila til eftirlitsaðila á gildistíma bráðabirgðaheimildar.

9. gr.

1. töluliður 1. mgr. 53. gr. orðist svo: Útgáfu starfsleyfa og vottorða, sem og endurskoðun eða breytingar á starfsleyfum, undanþágur frá starfsleyfi og bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi, sbr. 6. gr. og 7. gr. a.

III. KAFLI

Breyting á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

10. gr.

Orðin „19. gr. eða“ í 9. gr. falla brott.

11. gr.

1. málslíður 10. gr. orðast svo:

Ef skylt er að meta umhverfisáhrif samkvæmt öðrum lögum vegna leyfisveitinga til einstakra framkvæmda, sem jafnframt falla undir málsmeðferð skv. IV. kafla, er heimilt að sameina það mat umhverfismati samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 13. gr: Í stað orðsins „hennar“ í 1. málsl. kemur „áætlunarinnar“.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Fyrirsögn greinarinnar verður: Matsskyldar framkvæmdir
- b. Fyrir framan 1. mgr. bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr, svohljóðandi: Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar umhverfismati. Framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lög þessi skulu háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.
- c. Síðasta málsgrein ákvæðisins fellur brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr.:

- a. Fyrirsögn ákvæðisins verður: Tilkynning framkvæmda í flokki B.
- b. 1. mgr. ákvæðisins fellur brott.

15. gr.

Við 25. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi leyfi til framkvæmdar verið fellt úr gildi sökum annmarka á umhverfismati hennar og viðkomandi sérلöggjöf heimilar af því tilefni veitingu tímabundinnar heimildar fyrir framkvæmdinni skal slíkt leyfi eingöngu veitt getur leyfisveitandi í sérstökum undantekningartilvikum og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) unnið verði að því að bæta úr annmörkum á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á gildistímatímabundinnar heimildar,
- b) umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin frá upphafi framkvæmdar.

16. . gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr.:

- a. Í stað „18. gr.“ í 1. mgr. kemur: 20. gr.
- b. Í stað „19. gr.“ í 2. mgr. kemur: 20. gr.

17. gr.

Á eftir orðinu „matsáætlunar“ í 2. mgr. 34. gr. bætist: skv. 2. mgr. 21. gr.

18. gr.

Eftirfarandi breyting verður á tölul. 1.09 í 1. viðauka við lögin: Í stað „tölul. 1.09“ kemur: tölul. 1.08.

19. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er unnið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Þann 14. apríl 2020 birti Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) bráðabirgðaniðurstöðu sína í máli vegna kvörtunar sem beint hafi verið til eftirlitsstofnunarinnar vegna veitingar rekstrarleyfa til bráðabirgða og veitingar tímabundinna undanþága frá starfsleyfi til reksturs fiskeldisstöðva. Markmið þessa frumvarps er aðallega að bregðast við athugasemdum ESA í bráðabirgðaniðurstöðunni.

Samkvæmt tilskipun 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/52/ESB skulu aðildarríki, áður en leyfi fyrir framkvæmd er veitt, samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdir, sem líklegt er að hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, séu háðar kröfu um leyfi til framkvæmda og mati á áhrifum þeirra á umhverfið. Tilskipunin er innleidd hér á landi með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í 2. mgr. 21. gr. c laga um fiskeldi og 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er mælt fyrir um veitingu tímabundinnar undanþágu frá kröfum um starfsleyfi og rekstrarleyfi til reksturs fiskeldisstöðvar. 2. mgr. 21. gr. c. laga um fiskeldi mælir fyrir um heimild til veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða í tilfellum þar sem upphaflegt leyfi hefur verið fellt úr gildi vegna annmarka á leyfisveitingu. Ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir tekur ekki fram skilyrði fyrir veitingu tímabundinnar undanþágu önnur en að ríkar ástæður verði að mæla með því.

Atvikin sem lágu til grundvallar bráðabirgðaniðurstöðu ESA voru með þeim hætti að tímabundnar undanþágur fyrir skertri starfsemi höfðu verið veittar tveimur rekstraraðilum í fiskeldi einkum til að bjarga óafturkræfum verðmætum. Þá var forsenda fyrir tímabundnum undanþágum að rekstraraðilar myndu sækjast eftir nýjum starfsleyfum með fullnægjandi starfsleyfisumsóknum og lagfæra mat á umhverfisáhrifum í samræmi við þá ágalla sem úrskurðarnefndin hafði bent á í úrskurðum sínum.

ESA telur að hægt sé að viðhafa heimildir til slíkra bráðabirgðaráðstafana í lögum en það verða að vera til staðar afmörkuð skilyrði í lögum. Tilskipun 2011/92/ESB fjallar ekki um afleiðingar þess að umhverfismat reynist gallað eða það hafi ekki farið fram. Í framkvæmd Evrópudómstólsins hafa þó mótast tilteknar lágmarkskröfur gagnvart löggjöf sem heimilar gerð umhverfismats eftir að framkvæmdir eru hafnar eða þeim lokið. Nánar tiltekið:

- slíkar reglur mega ekki fela í sér leið fram hjá reglum Evrópuréttar,
- þeim sé aðeins beitt í séstökum undantekningatilvikum og
- slíkar reglur verða að fela í sér skyldu til að meta umhverfisáhrif frá upphafi framkvæmdar.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar skulu ríki áður en leyfi fyrir framkvæmd er veitt samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdir, sem líklegt er að hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, séu háðar kröfu um leyfi til framkvæmda og mati á áhrifum þeirra á umhverfið. Ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar tilgreinir hvaða framkvæmdir skuli háðar umhverfismati. 5. gr. tilskipunarinnar fjallar um skyldu framkvæmdaraðila til að leggja fram skýrslu um umhverfisáhrif framkvæmdar. 6. gr. tilskipunarinnar lítur að samráði við almenning um framkvæmdir sem kunna að hafa veruleg áhrif á umhverfið. Í 8. gr. er mælt fyrir um útgáfu leyfis, m.a. að við útgáfu leyfis skuli taka mið af athugasemdum almennings.

Þá mælir 9. gr. tilskipunarinnar fyrir um skyldu aðildarríkja til að upplýsa almenning um ákvarðanir um útgáfu leyfa til framkvæmda sem falla undir tilskipunina.

Að mati ESA uppfylla 2. mgr. 21. gr. c laga um fiskeldi og 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ekki framangreindar lágmarkskröfur Evrópudómstólsins eða 2. og 4. - 9. gr. tilskipunar ESB 2011/92. ESA bendir á að 2. mgr. 21. gr. c laga um fiskeldi geri ekki skýra kröfu um leiðréttingu umhverfismats heldur mæli ákvæðið aðeins fyrir um að ráðherra geti sett skilyrði til veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða sem þörf er á svo að tilgangur leyfisins náist, svo sem um samdrátt þeirrar starfsemi sem þegar er fyrir hendi, um tímafresti vegna úrbóta eða um tímamörk málshöfðunar eða annarra athafna fyrir dómi sem eru á forræði aðila. Þannig veiti ákvæðið að mati ESA í reynd leið fram hjá kröfum tilskipunar 2011/92/ESB. Þá sé ákvæðið ekki takmarkað við sérstök undantekningartilvik auk þess sem það geri ekki kröfu um að umhverfisáhrif verði metin frá upphafi. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir heimilar ráðherra, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Að mati ESA skortir skilyrði ákvæðisins skýrleika og verða þau ekki túlkuð þannig að þau feli í sér skilyrði um leiðréttingu umhverfismats frá upphafi. Þá sé ákvæðið, líkt og 2. mgr. 21. gr. c laga um fiskeldi, ekki bundið við sérstök undantekningartilvik. Eitt meginmarkmið tilskipunar um umhverfismat framkvæmda er að tryggja samráð við almenning og frjáls félagasamtök snemma í leyfisveitingaferlinu. ESA telur ákvæði 2. mgr. 21. gr. c laga um fiskeldi og 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir standist ekki slíkar kröfur enda mæli ákvæðin ekki sérstaklega fyrir um slíkt samráð við veitingu leyfa til bráðabirgða og sé leyfisveitanda því í sjálfsvald sett hvort samráð verði viðhaft.

Auk framangreinds er það mat ESA að umrædd ákvæði laga um fiskeldi og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir uppfylli ekki kröfur 11. gr. tilskipunar um umhverfismat framkvæmda sem fjallar um rétt til að leita endurskoðunar á veitingu leyfis til framkvæmda sem háðar eru umhverfismati. Ákvæðið byggist á 2., 4. og 5. mgr. 9. gr. Árósasamnings um aðgang almennings að réttlátri málsmæðferð og virkum úrræðum til endurskoðunar ákvarðana stjórnvalda um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Þau ákvæði Árósasamningsins eru innleidd hér á landi með lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Ákvæði 2. mgr. 21. gr. c laga um fiskeldi mælir fyrir um að veiting leyfis til bráðabirgða sé endanleg ákvörðun á stjórnsýslustigi. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir tekur ekki fram hvort að ákvörðun ráðherra um veitingu undanþágu sé kæránleg.

1.1. Tilskipun 2011/92/ESB.

Umhverfismat er ferli sem miðar að því að leiða í ljós afleiðingar ákvarðana fyrir umhverfið áður en þær eru teknar og að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við ákvarðanatöku.

Tilskipun 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/52/ESB felur í sér skyldu til að meta umhverfisáhrif framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið áður en ákvörðun er tekin um hvort leyfi til þeirra sé veitt. Skyldan er orðuð í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að áður en leyfi fyrir framkvæmd sé veitt skuli aðildarríkin samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdir, sem líklegt er að hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, séu háðar kröfu um leyfi til framkvæmda og mati á áhrifum þeirra á umhverfið.

1.2. Undanþágur og endurskoðun umhverfismats.

Í þessu frumvarpi er m.a. lögð til útfærsla á heimild til leyfisveitingar til bráðabirgða við þær aðstæður þar sem leyfi fyrir starfsemi sem háð er umhverfismati hefur verið felld brott sökum annmarka á umhverfimatinu. Til samanburðar er rétt að víkja að ákvæðum tilskipunar 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/54/ESB sem varða undanþágur frá umhverfismati og kröfur um endurskoðun umhverfismats.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríki, áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdir sem líklegt er að hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, séu háðar kröfu um leyfi til framkvæmda og mati á áhrifum þeirra á umhverfið. Eins og að framan greinir mælir tilskipunin ekki fyrir um afleiðingar þess að ráðist er í matsskylda framkvæmd án þess að umhverfismat hafi verið framkvæmt eða þegar umhverfismatið reynist ófullnægjandi. Í ákvæði 4. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríki geti í sérstökum undantekningartilvikum undanþegið tiltekna framkvæmd frá ákvæðum tilskipunarinnar ef að beiting hennar hefði skaðleg áhrif á tilgang framkvæmdarinnar að þeim skilyrðum uppfylltum að markmiði tilskipunarinnar væri náð. Í slíkum tilvikum ber viðkomandi aðildarríki að meta hvort rétt sé að beita annarskonar umhverfismati, tryggja ákveðið samráð við almenning og upplýsa framkvæmdastjórnina um beitingu undanþágunnar. Ákvæði 4. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er innleitt með 29. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Með tilskipun 2014/52/ESB var tilskipun 2011/92/ESB breytt með þeim hætti að stjórnvöld skulu tryggja að umhverfismat tiltekinnar framkvæmdar eigi enn við (e. up to date) áður en veitt er leyfi fyrir framkvæmd. Af ákvæðinu, sem innleitt er með 28. gr. laga nr. 111/2021, leiðir að það kann að vera að áður en leyfi fyrir framkvæmd sé veitt þurfi umhverfismatið að sæta tiltekinni endurskoðun ef forsendur þess hafa breyst verulega frá því að álit um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 111/2021 fer með málsmeðferð endurskoðaðs mats samkvæmt 21. – 24. gr. laganna eftir því sem við á. Í því felst að málsmeðferð endurskoðaðs mats veltur á því að hvaða marki umhverfismatið þarfnast endurskoðunar, hvort það þarfnist endurskoðunar í heild eða að hluta.

Eins og fram er komið mælir tilskipunin ekki fyrir um afleiðingar þess að umhverfismat reynist haldið ágalla eða er ekki framkvæmt þó að um það hafi skapast tiltekin framkvæmd Evrópuþómstólsins. Sú framkvæmd er um margt áþekk því sem gildir um undanþágur frá tilskipuninni sem og kröfur um að umhverfismat sé í fullu gildi við útgáfu leyfis og rétt að hliðsjón sé höfð af þeim kröfum tilskipunarinnar.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Gildandi lög um fiskeldi, sem og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir eru, að mati ESA, ekki í samræmi við tilskipun um umhverfismat framkvæmda. Með þessu frumvarpi er komið til móts við þau sjónarmið sem ESA hefur látið í ljós vegna löggjafarinnar.

3. Meginefni frumvarpsins.

Eins og rakið er hér að framan telur ESA að hægt sé að viðhafa heimildir til bráðabirgðaráðstafana vegna matsskyldra framkvæmda en um slíkar heimildir verði að vera mælt í lögum sem uppfylla efnisatriði tilskipunar 2011/92/ESB sem og skilyrði sem mótuð hafa verið í framkvæmd Evrópudómstólsins. Í þessu frumvarp er gerð tillaga til breytinga á ákvæðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem varða ráðstafanir til bráðabirgða í tilvikum þar sem leyfi hefur verið felld brott vegna annmarka á umhverfismati. Helstu breytingarnar sem hér eru lagðar til eru eftirfarandi.

3.1. Bráðabirgðaráðstafanir feli ekki í sér leið fram hjá reglum Evrópuréttar.

Að mati ESA geta ákvæði 2. mgr. 21. gr. c laga um fiskeldi og 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir falið í sér leið fram hjá reglum Evrópuréttar. Sú túlkun stofnunarinnar leiðir af því að umrædd ákvæði gera það ekki að skilyrði fyrir veitingu leyfis til bráðabirgða að gerðar séu viðeigandi úrbætur á umhverfismati. Gerð er tillaga í frumvarpinu um breytingar á ofangreindum ákvæðunum til að koma til móts við þessar athugasemdir ESA þannig að skilyrði fyrir veitingu leyfis til bráðabirgða sé að gerðar verði allar nauðsynlegar lagfæringar á umhverfismati.

3.2. Sérstök undantekningartilvik.

Í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins hefur rétturinn áréttað að heimild til tímabundinna ráðstafana til að bæta úr göllum á umhverfismati verður aðeins að eiga við sérstök undantekningartilvik. Að mati ESA eru ákvæði 2. mgr. 21. gr. c laga um fiskeldi og 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ekki skýrlega bundin við sérstök undantekningartilvik. Í frumvarpinu er því gerð tillaga um breytingu á orðalagi umræddra ákvæða þannig að allur vafi sé tekinn af varðandi það að um sé að ræða sérstök undantekningartilvik. Til skýringa um hvað getur talist til sérstakra undantekningartilvika ber að líta til þeirra hagsmuna sem til staðar eru hverju sinni en leyfisveiting til bráðabirgða getur verið nauðsynleg ef að brýn þörf er á að hefja starfsemi eða halda áfram starfsemi til að koma í veg fyrir soun á verðmætum eða til að koma í veg fyrir slys eða að um sé að ræða framkvæmd í þágu almannahagsmuna og brýn þörf sé á skjótri afgreiðslu

3.3. Undanþágur og leyfisveiting til bráðabirgða kæranleg.

Meðal þess sem þær breytingar sem hér eru lagðar til fela í sér er að ákvörðunarvald um beitingu tímabundinna ráðstafana er fært frá ráðherra til viðkomandi stofnunar og mælt fyrir um að ákvörðun um slíka bráðabirgðaráðstöfun sæti kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

3.4. Áhrif á umhverfið metin frá upphafi.

Í samræmi við athugasemdir ESA og þeirrar kröfu sem fram kemur í framkvæmd Evrópudómstólsins er lagt til að krafan um að í endurskoðuðu umhverfismati séu áhrif metin frá upphafi framkvæmdar sé skýrt orðuð í lögum.

3.5. Breytingar á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Með frumvarpinu eru gerðar tillögur að tilteknum breytingum á lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Er annars vegar um að ræða tillögur til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum laga um fiskeldi og laga um hollustuhætti

og mengunarvarnir og hins vegar eru gerðar tillögur til aukins skýrleika eða lagfæringa tiltekinna annmarka.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið varðar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES- samningnum og einnig Árósasamningnum. Breytingum þeim sem lagðar eru til í frumvarpinu er ætlað að tryggja betur samræmi íslenskrar löggjafar við framan greindar alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið gefur ekki tilefni til að huga sérstaklega að samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir leyfishafa samkvæmt lögum um fiskeldi og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, leyfisveitendur, sveitarfélög og almenning.

Áform um lagasetninguna voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 3. september 2020, mál nr. 170/2020. Umsagnir bárust frá Óttari Magnúsi Yngvarssyni hrl. og Landvernd.

Í umsögn Óttars Magnúsar kemur fram að ljóst sé af dómafordæmum að skylda hvíli á íslenska ríkinu til að leiðrétta afleiðingar brota á umhverfismatslöggjöf sem leidd sé af EES-rétti. EES- réttur útiloki hins vegar, með vissum skilyrðum, að ríki setji reglur um að mat á umhverfisáhrifum fari fram þrátt fyrir að starfsemi sé hafin eða framkvæmd lokið. Lykilatriði sé að tilskipun 2011/92/ESB geri það að skilyrði fyrir því að mega veita leyfi til framkvæmdar sem hafi umtalsverð umhverfisáhrif, að matið á þeim áhrifum hafi áður farið fram. Svigrúm ríkja til að leyfa eftir á mat sé takmarkað og brot á tilskipuninni sé óhjákvæmilega alltaf undanfari slíks eftir á mats. Rýmilegar reglur um eftir á mat grafi augljóslega undan reglunum um umhverfismat framkvæmda, þátttökurétti almennings og rétti til endurskoðunar ákvarðana sem hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Bent er á að til þess að eftir á lagfæring á umhverfismati geti verið heimil þá megi reglurnar um það ekki veita framkvæmdaraðila færi á að sleppa við eða fara í kringum umhverfismatsreglur. Þá sé ógerningur að sjá með hvaða hætti almenningur geti átt raunhæfa aðkomu að veitingu leyfis í slíkri bráðabirgðamálsmeðferð. Þá er gagnrýnt það sem fram kemur í áformum um lagasetninguna sú forsenda að leyfi til bráðabirgða sé ætlað að bjarga verðmætum. Á þau sjónarmið verði ekki fallist og eigi þau sér enga fyrirmynd í dómafordæmum Evrópudómstólsins. Er því velt upp hvort að stjórnvöld geti ekki alltaf haldið því fram þegar leyfi séu felld úr gildi að þau verði að stíga inn til að bjarga verðmætum. Það grafi undan tiltrú á úrskurðarnefndinni og þeim réttindum sem umhverfisverndarsamtök eigi að vera tryggð með Árósasamningnum og EES- samningnum þegar framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið bregðist með þessum hætti við úrskurði óháðs aðila.

Landvernd telur að eins og áformunum sé lýst sé vandséð hvernig boðaðar breytingar muni koma til móts við það sem ESA telji ámælisvert. Skýrt sé að það sé brot á EES reglum að veita leyfi til framkvæmda eða starfsemi sem heyri undir lög um umhverfismat án þess að gilt umhverfismat hafi farið fram. Ef tillagan verði að lögum verði leyfisveitendum heimilt að veita leyfi til bráðabirgða er í ljós komi að umhverfismat sé gallað. Muni það að öllum líkindum leiða til þess að framkvæmdaaðilar muni í auknu mæli skila inn illa unnu og ófullnægjandi umhverfismati í trausti þess að leyfisveitendur veiti þeim til bráðabirgða leyfi án umhverfismats. Þegar starfsemi sé hafin, fólk tekið að starfa og búið sé að valda óafturkræfum umhverfisspjöllum yrði erfitt að afturkalla leyfin. Þess vegna sé afar brýnt að koma í veg fyrir heimild til þess að veita bráðabirgðaleyfi án þess að fullgilt umhverfismat hafi farið fram.

Í ljósi framangreindra umsagna við áform um lagasetninguna er rétt að áréttu að frumvarpið gerir ráð fyrir að bráðabirgðaráðstafanir vegna matsskyldra framkvæmda komi aðeins til skoðunar í sérstökum undantekningartilvikum. Sérstaklega er áréttuð að um þarf að vera að ræða starfsemi sem hefur hlotið starfs- eða rekstrarleyfi að undangenginni þóknarlegri meðferð að uppfylltum skilyrðum, þ.m.t. að fyrir liggi álit Skipulagsstofnunar á umhverfismati viðkomandi framkvæmdar en það leyfi verið fellt úr gildi vegna tiltekinna annmarka. Verður því ekki fallist á að í því felist hvati til framkvæmdaraðila að skila inn ófullnægjandi umhverfismati í trausti þess að hljóta leyfi til bráðabirgða. Með frumvarpinu er þess gætt að lögin bjóði ekki upp á leið fram hjá reglum EES réttar enda skilyrði að bætt verði úr annmörkum umhverfismats á gildistíma leyfis til bráðabirgða. Hvað varðar þátttökurétt almennings er bent á að gert er ráð fyrir að almenningur eigi aðkomu að leyfisveitingu til bráðabirgða. Almennur á síðan aðkomu að endanlegri leyfisveitingu og, eftir atvikum, lagfæringum á umhverfismati.

6. Mat á áhrifum.

Lagasetningin felur í sér endurskoðun á málsmeðferðarreglum sem varða veitingar leyfa til bráðabirgða. Gert er ráð fyrir að lagasetningin hafi óveruleg áhrif á fjárhag ríkisins þar sem gert er ráð fyrir að vinna við útgáfu leyfa sé greidd af framkvæmdaraðila með þjónustugjöldum. Liður í lagasetningunni er að heimild til að veita undanþágu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunar færist frá umhverfis- og auðlindaráðherra til Umhverfisstofnunar. Sama gildir um heimild til að veita rekstrarleyfi til bráðabirgða í fiskeldi samkvæmt lögum um fiskeldi og er gert ráð fyrir að útgáfa slíkra leyfa færist frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til Matvælastofnunar. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi hefur Umhverfisstofnun og Matvælastofnun það hlutverk að veita umsögn um hugsanlega veitingu undanþágu eða rekstrarleyfis til bráðabirgða áður en endanleg ákvörðun er tekin fyrir hönd ráðherra. Þannig má búast við að umsvif stofnananna aukist að nokkru marki með nýju fyrirkomulagi en á móti koma minnkuð umsvif innan ráðuneyta vegna þessara verkefna. Þessi breyting rúmast innan þeirra fjárheimilda sem ætlaðar eru í málaflokkinn.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til að þar sem vísað er til laga um mat á umhverfisáhrifum verði vísað til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Um 3. gr.

Lagðar eru til breytingar á orðalagi 9. gr. laga um fiskeldi sem varða afstöðu Matvælastofnunar gagnvart umsókn rekstrarleyfi. Um er að ræða breytingu í samræmi við ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sbr. breytingu á tilskipun 2011/92/ESB með tilskipun 2014/52/ESB. Samkvæmt tilskipuninni skal ákvörðun um leyfisveitingu innihalda rökstudda niðurstöðu lögbærs stjórnvalds um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og öll umhverfisverndarskilyrði sem geta falist í mótvægisáðgerðum og/eða vöktun. Ákvæðið, eins og það hefur verið túlkað af framkvæmdastjórn ESB, felur í sér að skilyrði í álit lögbærs stjórnvalds um umhverfismat skuli vera bindandi fyrir leyfisveitanda. Þannig er í a-lið lagt til að fellt verði úr 2. málsl. 2. mgr. fyrirmæli um að Matvælastofnun skuli rökstyðja sérstaklega ef vikið sé frá niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar og í b-lið lagt til að nýr málslíður bætist við 2. mgr. þess efnis að hafi

Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun í álit sitt skulu þau skilyrði tekin upp í leyfi Matvælastofnunar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Eins og að framan greinir er með þessu frumvarpi verið að bregðast við bráðabirgðaniðurstöðum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 14. apríl 2020, þar sem gerðar voru m.a. athugasemdir við ákvæði 2. mgr. 21. gr. c í fiskeldislögum nr. 71/2008. Í 2. mgr. 21. gr. c í fiskeldislögum er kveðið á um heimild til veitingar rekstrarleyfis til bráðabirgða í tilfellum þar sem upphaflegt leyfi hefur verið fellt úr gildi vegna annmarka á leyfisveitingu. Í álitu ESA kemur fram að hægt sé að viðhafa heimildir til slíkra bráðabirgðaráðstafana í lögum en það verði að vera til staðar afmörkuð skilyrði í lögum, en lög 71/2008 um fiskeldi hafi ekki að mati ESA uppfyllt þau skilyrði. Í álitinu veitir ESA leiðbeiningar um það hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar. Rétt þykir að taka fram að ráðuneytið féllst ekki að öllu leyti á sjónarmið ESA eins og fram kemur í svarbréfi, dags. 25. maí 2021, við ofangreindum bráðabirgðaniðurstöðum ESA. Engu að síður var ákveðið að bregðast við athugasemdum ESA með framlagningu frumvarps þessa.

Um a-lið. Í ofangreindum bráðabirgðaniðurstöðum taldi ESA að tilgreina þyrfti með skýrari hætti í lögum að bráðabirgðaleyfi væru einungis veitt í undantekningartilvikum og að slíkar leyfisveitingar væru kærarlegar. Með vísan til þessa eru lagðar til þær breytingar í a. lið 1. gr. að í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málslíð komi Matvælastofnun í sérstökum undantekningartilvikum. Hér er ákvörðunarvald leyfisveitingar til bráðabirgða fært frá ráðherra til viðkomandi stofnunar og er í g. lið 1. gr. jafnframt mælt fyrir um að ákvörðun um veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða sé kærarleg til ráðuneytis. Þá er tekinn af allur vafi varðandi það að útgáfa slíkra bráðabirgðaleyfa eigi sér einungis stað í sérstökum undantekningartilvikum.

Um b-lið. Hér er lagt til að orðin „að fenginni umsögn Matvælastofnunar“ í 1. málslíð falli brott þar sem lagt er til að ákvörðunarvald leyfisveitingar til bráðabirgða sé fært frá ráðherra til Matvælastofnunar.

Um c-lið. Lagt er til að heimilt verði að gefa út rekstrarleyfi bráðabirgða til allt að eins árs í stað tíu mánaða. Með því er heimill gildistími rekstrarleyfis til bráðabirgða og tímabundinnar heimildar fyrir starfsemi skv. 4. gr. samræmdur.

Um d-lið. Talið er að orðinu „slík“ sé ofaukið í 5. málsl. og því lagt til að það falli brott. Jafnframt er lagt til að orðin „hjá ráðherra“ falli brott þar sem lagt er til að ákvörðunarvald leyfisveitingar til bráðabirgða sé fært frá ráðherra til Matvælastofnunar.

Um e-lið. Í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB er lagt er til að ákvörðun um rekstrarleyfi til bráðabirgða skuli byggja á gögnum sem aflað hefur verið við undirbúning þess rekstrarleyfis sem fellt var úr gildi. Áður var heimilt að byggja á framangreindum gögnum.

Um f-lið. Í ákvæðinu er lagt til að í stað orðsins „ráðherra“ í 8. málsl. komi „Matvælastofnun“ þar sem lagt er til að ákvörðunarvald leyfisveitingar til bráðabirgða sé fært frá ráðherra til Matvælastofnunar.

Um g-lið. Hér er lagt til að 9. málsl. falli brott en rétt er að geta þess að lagt er til samhljóða ákvæði í g-lið þar sem breytingartillögur 1. gr. kalla á breytta staðsetningu. Þá er lagt til að 10. málsl. falli brott þar sem lagt er til að ákvörðunarvald leyfisveitingar til bráðabirgða sé fært frá ráðherra til Matvælastofnunar og kæruvétti komið á til ráðuneytis í g-lið. Með vísan til þess er ljóst að rekstrarleyfi til bráðabirgða verður ekki lengur fullnaðarúrlausn á stjórnsýslustigi.

Um h-lið. Í 1. málsl. ákvæðisins eru lagðar til breytingar til að koma til móts við bráðabirgðaniðurstöðu ESA þar sem stofnunin taldi ekki nægjanlega tryggt í löggjöf að bráðabirgðaráðstafanir fælu ekki í sér leið fram hjá reglum Evrópuréttar. Þannig taldi ESA að þörf væri á lagabreytingu þannig að tryggt væri að í löggjöf væru sett þau skilyrði fyrir veitingu leyfis til bráðabirgða að viðeigandi úrbætur yrðu gerðar á umhverfismati. Í ákvæðinu er því lagt til að í þeim tilvikum sem rekstrarleyfi sé fellt úr gildi vegna annmarka á umhverfismati skuli Matvælastofnun auk framangreindra skilyrða sem tilgreind séu tryggja að rekstrarleyfi til bráðabirgða sé bundið þeim skilyrðum sem kveðið sé á um í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Hér er vísað til 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. 15. gr. þessa frumvarps, þar sem gerð er sú krafa að í leyfum til bráðabirgða skuli þau skilyrði uppfyllt að unnið verði að því að bæta úr annmörkum á mati á umhverfisáhrifum á gildistíma leyfis til bráðabirgða og að tryggt verði að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu metin frá upphafi framkvæmdar. Þá er lagt til að núgildandi 9. málsl. færist til og verði í 2. málsl. g-liðar sbr. umfjöllun um f-lið hér að framan. Í 3.-8. málsl. er réttur almennings að ákvörðunartöku tryggður með því að setja skilyrði um auglýsingu tillögu að rekstrarleyfi til bráðabirgða auk heimildar til að gera skriflegar athugasemdir við tillögur. Frestur til athugasemda er takmarkaður við eina viku frá auglýsingu þar sem afgreiðsla þeirra leyfa sem hér um ræðir krefst flýtimeðferðar. Einnig er kveðið á um að Matvælastofnun skuli auglýsa á vefsíðu sinni útgáfu og gildistöku rekstrarleyfa til bráðabirgða og að slík birting teljist opinber birting. Í 9. málsl. er mælt fyrir um að ákvörðun Matvælastofnunar um veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða sé kæránleg til ráðuneytisins innan mánaðar frá því að ákvörðun var birt opinberlega. Hér er komið á kæruvétti sem tryggir réttinn til að fá stjórnvaldsákvörðun Matvælastofnunar endurskoðaða. Þá er í 10. málsl. sérstaklega tilgreint að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Með lokamálslið g-liðar er ráðherra í reglugerð heimilað að kveða nánar um umsókn, málsmeðferð og skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi fyrir veitingu rekstrarleyfis til bráðabirgða.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 6. gr. laga um hollus tuhætti og mengunarvarnir.

Í a-lið er lagt til að heimild ráðherra til að veita undanþágu frá starfsleyfi verði felld úr 6. gr. Gert er ráð fyrir að heimildin fari til Umhverfisstofnunar sbr. 8. gr. þessa frumvarps. Slíkt fyrirkomulag þykir í betra samræmi við sjónarmið um stigskipta stjórnsýslu. Af því leiðir einnig að ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu undanþágu sætir kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 65. gr. laganna.

Í b-lið er lagt til að í stað vísunar í Umhverfisstofnun verði vísað til útgefanda starfsleyfis. Þannig sé ljóst að ákvæðið taki jafnframt til heilbrigðisnefnda sem einnig geta verið útgefendur starfsleyfis.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir lýtur að útgáfu starfsleyfis. Í 6. mgr. eru nánar tilgreindar þær upplýsingar sem útgefandi starfsleyfis skal hafa á vefsvæði sínu. Viðbótin sem hér er lögð til er í samræmi við aðrar breytingar. Lagt er til að útgefandi starfsleyfis skuli, auk þeirra upplýsinga sem þegar er mælt fyrir um, hafa á vefsvæði sínu upplýsingar um framlengd starfsleyfi, undanþágur frá starfsleyfi og starfsleyfi til bráðabirgða.

Um 8. gr.

Lagt er til að á eftir 7. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir bætist ný grein, 7. gr. a þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir veitingu bráðabirgðaheimildar til að hefja starfsemi eða halda áfram starfsemi til alls eins árs. Ljóst er að ríkar ástæður verða að mæla með veitingu bráðabirgðaheimildar með hliðsjón af þeim hagsmunum sem undir eru hverju sinni. Þetta getur komið til þegar ekki er mögulegt að gefa tímanlega út starfsleyfi eða breytingu á starfsleyfi þegar brýn þörf er á að halda starfsemi áfram, koma starfsemi af stað eða breyta henni. Þannig kann veiting undanþágu að vera nauðsynleg til að koma í veg fyrir sóun á verðmætum eða til að koma í veg fyrir slys eða að um sé að ræða framkvæmd í þágu almannahagsmuna og brýn þörf sé á skjótri afgreiðslu. Ef um er að ræða starfsemi sem fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana og hefur verið felld úr gildi sökum annmarka á umhverfismati getur

í sérstökum undantekningartilvikum getur verið heimilt að gefa út bráðabirgðaheimild fyrir starfseminni á meðan unnið er að því að lagfæra annmarka á umhverfismati framkvæmdarinnar. Í ákvæðinu er mælt fyrir um skilyrði fyrir veitingu bráðabirgðaheimildar auk þeirra skilyrða sem fram koma í 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Með ákvæðinu eru skýrt tilgreind þau skilyrði sem fjallað er um í 3. kafla hér að framan og vísast í þá umfjöllun til nánari skýringar.

Um 9. gr.

Í 53. gr. laganna er fjallað um gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Lagt er til að við 1. tölul. 1. mgr. bætist vísun í undanþágur og veitingu starfsleyfa til bráðabirgða.

Um III. kafla.

Eins og fram er komið í almennum athugasemdum við frumvarpið eru gerðar tillögur um tilteknar breytingar á lögum nr. 111/2021 til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um fiskeldi. Einnig eru lagðar til breytingar til lagfæringa á tilteknum þáttum laganna.

Um 10. og 11. gr.

Í 9. og 10. gr. laganna er að finna ákvæði um forsamráð vegna tiltekinna framkvæmda og heimild til sameiningar skýrslugerðar samkvæmt skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana en þeim er ætlað að taka til matsskyldra og tilkynningaskyldra framkvæmda. Í ljósi breytinga sem lagðar eru til á 18. og 19. gr. laganna

er vísun 9. og 10. gr. til 19. gr. vegna tilkynningaskyldra framkvæmda ekki viðeigandi. Telja verður að almenn vísun til IV. kafla laganna sé fullnægjandi enda falla þar undir bæði matsskyldar og tilkynningaskyldar framkvæmdir.

Um 12. gr.

Tillagan er til aukins skýrleika og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 13. og 14. gr.

Lagt er til að ákvæði 18. og 19. gr. verði umorðaðar þannig að í lögunum verði skýrt efnisákvæði um að framkvæmdir í flokki A skuli ávallt háðar umhverfismati. Rétt þykir rétt að afmarka regluna skýrlega í lögunum. Þannig fjalli 18. gr. um það hvaða framkvæmdir séu háðar mati og um ábyrgð framkvæmdaraðila en 19. gr. fjalli síðan nánar um tilkynningu framkvæmdar í B- flokki.

Um 15. gr.

Í 25. gr. laganna kemur fram sú regla að óheimilt sé að gefa út leyfi til framkvæmdar sem falli undir lögin fyrr en að álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar liggi fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd skuli ekki háð mati. Með frumvarpinu er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein sem taki til þeirra aðstæðna þar sem leyfi til framkvæmdar, sem þegar hefur verið veitt, verði felld úr gildi sökum annmarka á umhverfismatinu. Lagt er til að um þurfi að vera að ræða sérstök undantekningartilvik samkvæmt viðkomandi sérhöggjöf. Til viðbótar við skilyrði sem kunna að koma fram í viðkomandi sérhöggjöf sé það skilyrði að bætt verði úr annmörkum umhverfismatsins og þess gætt að áhrif á umhverfið verði metin frá upphafi framkvæmdar. Tillagan felur í sér samspil við viðkomandi sérhöggjöf, í þessu tilviki lög um fiskeldi og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem skilyrði beggja verða að vera uppfyllt.

Um 16. gr.

Í 20. gr. laganna er mælt fyrir um matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar. Í 1. og 2. mgr. 26. gr. er vísað til matsskylduákvörðunar stofnunarinnar annars vegar skv. 18. gr. og hins vegar skv. 19. gr. en réttara er hér að vísa til 20. gr.

Um 17. gr.

Í 2. mgr. 24. gr. er að finna heimild til að lengja kynningartíma matsáætlunar. Lagt er til að hér verði skotið inn vísun í 2. mgr. 21. gr. laganna sem fjallar um kynningartíma matsáætlunar.

Um 18. gr.

Í tölulið 1.09 í 1. viðauka við lögin er vísað til framkvæmda annarra ein þeirra sem tilgreindar eru í tölulið 1.09 en rétt tilvísun er til töluliðar 1.08.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fiskeldi, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (leyfisveiting til bráðabirgða).

Vísað er til máls nr. 232/2021 í samráðsgátt um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fiskeldi, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (leyfisveiting til bráðabirgða). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið málið og meðfylgjandi gögn til skoðunar og gefur eftirfarandi umsögn einungis er varðar fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 7/1998 í frumvarpsdrögunum.

HER telur það til einföldunar að fella út ákvæði um að ráðherra geti veitt tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi sbr. lið a. í 6. gr. frumvarpsdraganna og eftirleiðis verði það í höndum Umhverfisstofnunar (UST) að gefa út bráðabirgðaheimildir fyrir starfsemi sbr. 8. gr. draganna. Með því að færa afgreiðslu slíkra undanþágubeiðna, sem eftirleiðis verða bráðabirgðaheimildir, niður á næsta stjórnsýslustig má stytta afgreiðslutíma þeirra þar sem ekki þarf jafnframt að leita umsagnar UST í ferlinu. HER telur að einfalda mætti stjórnsýslu og stytta boðleiðir enn frekar með því að fela útgefanda starfsleyfis að gefa út bráðabirgðaheimild. Með því móti væri það sú stofnun sem hefur mesta þekkingu á rekstrinum og umhverfi hans sem veitti slíka heimild. Þá þyrftu þeir aðilar sem sækja um slíkar bráðabirgðaheimildir aðeins að hafa samskipti við eina stofnun í ferlinu í stað tveggja. HER leggur því til breytingar á greininni þannig að útgefandi starfsleyfis hverju sinni gefi út bráðabirgðaheimild. Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort UST myndi í einhverjum tilfellum ganga gegn umsögn heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga (HES) um útgáfu bráðabirgðarheimildar og hvað það í raun mundi þýða fyrir framhald máls sem væri í vinnslu hjá viðkomandi HES. Í þessu væri falin mikil einföldun fyrir alla aðila ekki síst viðskiptavininn.

HER telur að skýra þurfi og laga orðalag 8. gr. frumvarpsdraganna sem verður að nýrri grein 7.a. í lögum nr. 7/1998. Koma þarf skýrt fram að auglýsa á tillögu að bráðabirgðaheimild í allt að eina viku á vefsvæði UST. Þá er ekki ljóst hvort gefa eigi heimildina út strax í lok auglýsingatíma eða hvort UST sé ætlað að taka ákveðinn afgreiðslufrest eftir það og þá hversu langur hann getur verið, þetta þarf allt að koma fram með skýrum hætti. Taka mætti fram að berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma megi gefa heimildina út þá þegar, annars þurfi stofnunin tækifæri til að vinna úr innkomnum athugasemdum. Athuga skal að halda þarf samt vinnslutíma í ferlinu í lágmarki til að tryggja að unnt sé að sinna brýnum verkefnum, t.d. niðurrifi mannvirkja, sem ekki geta beðið í lögbundinn auglýsingartíma fyrir starfsleyfi. Eins veltir HER því fyrir sér hvort umsagnir HES, sé eftir þeim kallað, eigi að berast á auglýsingartíma eða áður en til auglýsingar kemur.

Þá vill HER einnig benda á að ekki er nóg að útgefandi starfsleyfis birti veitta bráðabirgðaheimild á vefsvæði sínu eins og lagt er til í 7. gr. frumvarpsdraganna, þar sem við 6. mgr. 7. gr. laganna bætist: framlengd starfsleyfi, bráðabirgðaheimildir fyrir starfsemi. Sé útgefandi starfsleyfis, í þessu tilviki HES, með starfsleyfi í auglýsingu samhliða því að rekstraraðili sækir um bráðabirgðaheimild til UST til að hefja starfsemi þarf almenningur að vita að það ferli sé í gangi. Það þyrfti því einnig að birta auglýsingu á bráðabirgðaheimild, eða a.m.k. vísun í hana í auglýsingu tillögu að starfsleyfi, inni á vefsvæði viðkomandi HES til að þeir sem kynnu að hafa athugasemdir við fyrirhugað starfsleyfi með 4 vikna auglýsingatíma geri sér ljóst að starfsemin gæti hafist eða jafnvel lokið fyrir þann tíma. Eins er líklegt að auglýsing á bráðabirgðaheimildar geti annars farið fram hjá þeim þar sem hún væri aðeins birt hjá öðru stjórnvaldi.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi